

## Samstarfsyfirlýsing um aðgerðir í loftslagsmálum

Árið 2015 sammæltust þjóðir heimsins um að taka höndum saman og bregðast af fullu afli við loftslagsbreytingum af mannavöldum undir merkjum Parísarsamningsins. Megináherslur hans eru að: a) halda hlýnun lofthjúps jarðar innan við 2°C miðað við hitastig fyrir iðnbyltingu en leggja þó allt kapp á að takmarka meðalhækkun hitastigsins við 1,5°C til að draga marktækt úr áhrifum loftslagsbreytinga og vá af völdum þeirra; b) auka getu þjóða heimsins til að aðlagast neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, efla þanþol vistkerfa og samfélaga og lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda; c) beina fjármagni að grænum lausnum sem lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda til framtíðar.

Parísarsamningurinn markar tímamót þar sem hann er fyrsta heildstæða samkomulagið sem þjóðir heims ná um sameiginleg markmið sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland mun leggja sitt af mörkum og ætlar, í samvinnu við ríki Evrópusambandsins og Noreg, að draga úr losun um 40% fyrir árið 2030 miðað við losun ársins 1990.

Ísland losar mjög lítið af gróðurhúsalofttegundum við rafmagnsframleiðslu og húshitun þar sem sú orka kemur að nær öllu leyti frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Helstu tækifæri landsins til að draga enn frekar úr losun liggja í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun. Rafvæðing bílaflotans er til að mynda raunhæf leið til að nýta innlenda græna orku á hagkvæman hátt og sjávarútvegurinn hefur mikla möguleika á að draga frekar úr losun í gegnum til að mynda orkuskipti og tæknilausnir við veiðar.

Vegna stórfelldrar landeyðingar í gegnum aldirnar og framræslu votlendis síðustu áratugina hefur Ísland mikla möguleika á að draga úr losun frá landi og binda kolefni á ný í jarðvegi og gróðri. Ísland vinnur markvisst að endurheimt raskaðra vistkerfa og fékk fyrir nokkrum árum alþjóðlega viðurkenningu á því að mótvægisáðgerðir eins og landgræðsla og vernd og endurheimt votlendis eru formlega metin sem loftslagsaðgerðir innan loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Íslensk fyrirtæki hafa unnið að loftslagsvænum lausnum sem sumar eru nýstárlegar og geta nýst víðar, s.s. niðurdæling CO<sub>2</sub> í berg, þar sem það binst í steindum.

Til að Ísland nái að standast metnaðarfull markmið Parísarsamningsins er ljóst að samfélagið allt þarf að taka fullan þátt. Það þarf að tryggja langtímasýn og -árangur í minni auðlindasóun og uppbyggingu og þróun lágkolefnishagkerfis. Það kallar á samstillt átak innan stjórnkerfisins og samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs, félagasamtaka og síðast en ekki síst almennings. Því ætlar ríkisstjórnin að hrinda af stað gerð nýrrar aðgerðaáætlunar til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu. Áætlunin á að miða að því að Ísland standi við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum til 2030 og varða veginn að róttækri minnkun losunar til lengri tíma í samræmi við leiðsögn fræðasamfélagsins um hvernig hægt sé að ná markmiðum um að halda hlýnun andrúmsloftsins vel innan við 2°C. Áætlunin verður unnin undir forystu forsætisráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, en fjármála- og efnahagsráðuneytið, samgönguráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið munu einnig taka fullan þátt í gerð hennar. Verkefnisstjórn stýrir gerð áætlunarinnar og faghópar munu móta tillögur að aðgerðum í einstökum geirum, í náinni samvinnu við haghafa og þá sem vinna að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 hér á landi.

Haft verður að leiðarljósi að velja þær aðgerðir sem eru hagkvæmastar og skila fjölþættum ávinningi auk minnkandi losunar, s.s. minni loftmengun, endurheimt jarðvegs og gróðurs, aukinni nýsköpun og jákvæðri ímynd atvinnugreina og Íslands. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvar hægt er að beita grænum hvötum og umhverfissköttum til að ýta undir þróun íslensks samfélags í átt að lágkolefnishagkerfi.

Það er trú okkar að heildstæð framtíðarsýn og vel útfærðar aðgerðir sem miða að því að draga úr losun með aðkomu sem flestra landsmanna verði til þess að varða leiðina til loftslagsvænni framtíðar og styrkja græna ímynd Íslands. Við munum leggja okkar af mörkum til að svo megi verða.

*Reykjavík, 5. maí 2017.*

Bjarni Benediktsson  
forsætisráðherra

Björt Ólafsdóttir  
umhverfis- og auðlindaráðherra

Benedikt Jóhannesson  
fjármála- og efnahagsráðherra

Jón Gunnarsson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir  
ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra